

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2002 frá 1. mars 2002⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1920/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð þjónustugjalds í hlutfalli við viðskiptaverð í samræmdri vísitölu neysliverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 295, 13.11.2001, bls. 34, skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um endurskoðun á samræmdri vísitölu neysliverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2602/2000⁽³⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 295, 13.11.2001, bls. 34, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XXI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2214/96):

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 110, 25.4.2002, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 25.4.2002, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49.

„- **32001 R 1920:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1920/2001 frá 28. september 2001 (Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 295, 13.11.2001, bls. 34.“

2. Eftirfarandi bætist við í 191. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2602/2000):

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 R 1921:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001 frá 28. september 2001 (Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 295, 13.11.2001, bls. 34.“

3. Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 191 (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2602/2000):

„19m. **32001 R 1920:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1920/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um meðferð þjónustugjalds í hlutfalli við viðskiptaverð í samræmdri vísitölu neysliverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2214/96 (Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 46), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 295, 13.11.2001, bls. 34.

19n. **32001 R 1921:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1921/2001 frá 28. september 2001 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla um endurskoðun á samræmdri vísitölu neysliverðs og breytingu á reglugerð (EB) nr. 2602/2000 (Stjtið. EB L 261, 29.9.2001, bls. 49), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB 295, 13.11.2001, bls. 34.“

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 1920/2001, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 295, 13.11.2001, bls. 34, og 1921/2001, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 295, 13.11.2001, bls. 34 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann